



Framkvæmd stefnumótunar  
Æskulýðsráðs í æskulýðsmálum

**Tillögur um aðgerðir**



# Inngangur

Stefnumótun Æskulýðsráðs var lögð fram um mitt ár 2014 en unnið hafði verið að verkefninu frá árinu 2012. Stefnumótunin er m.a. byggð á SVÓT – greiningu sem lögð var fyrir árið 2012 ásamt víðtæku samráði við hagsmunaaðila. Gildistími stefnumótunarinnar er frá 2014 - 2018 en Æskulýðsráð fól mennta- og menningarmálaráðuneytinu að undirbúa aðgerðaáætlun í samráði við stýrihóp.

Ráðuneytið skipaði fjögurra manna stýrihóp auk varamanna í lok árs 2015. Í Stýrihópnum voru formaður Æskulýðsráðs (Hilmar Freyr Kristinsson), nefndarmaður í Æskulýðsráði (Hermann Sigurðsson), fulltrúi sveitarfélaga (Valur Rafn Halldórsson), fulltrúi Evrópu unga fólksins (Hjörtur Ágústsson) og fulltrúi ráðuneytisins (Valgerður Þórunn Bjarnadóttir). Varamenn voru Sabína Steinunn Halldórsdóttir og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir frá Æskulýðsráði.

Stýrihópurinn fór yfir öll markmið stefnumótunarinnar og gerði tillögu um aðgerðir þar sem við átti.

# 1. Skipulag æskulýðsmála sé samræmt á landsvísu og stuðli þannig að samstarfi allra aðila sem koma að æskulýðsstarfi

*Eitt af hlutverkum Æskulýðsráðs er að stuðla að samvinnu félaga, félagasamtaka, skóla og sveitarfélaga um æskulýðsmál. Mun fleiri aðilar (einstaklegar, hópar og fyrirtæki) standa þó um lengri eða skemmri tíma fyrir æskulýðsstarfi. Því er einn af meginveikleikum í skipulagi æskulýðsstarfs á Íslandi skortur á einum sameiginlegum samstarfs- og samráðsvettvangi allra þeirra sem koma að æskulýðsstarfi. Með stofnun sameiginlegs vettvangs yrði til mikilvægur og faglegur málsvari fyrir börn, ungmenni og æskulýðsstarf í landinu. Mikilvægt er að umhverfi og skipulag æskulýðsstarfs sé í stöðugri þróun og taki mið af þörfum samtímans. Því þarf að gera breytingar á skipulagi æskulýðsmála. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Ráðuneytið hefur í mörg ár hvatt til samstarfs á sviði æskulýðsstarfs. Í dag eru starfandi tvö heildarsamtök æskulýðsfélaga, Landssamband æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvangurinn og hafa félögin skapað sér nokkra sérstöðu er varðar verkefni. Í stefnumótun Æskulýðsráðs er lögð áhersla á aukið samráð allra aðila sem sinna æskulýðsstarfi og þeirra sem taka ákvarðanir varðandi æskulýðsstarf. Jafnframt er lagt til að stofna samstarfsvettvang allra þeirra sem sinna æskulýðsstarfs í landinu.

Segja má að núverandi staða veiki málaflokkinn að því leyti að einn málsvari starfar ekki fyrir allt æskulýðsstarf í landinu. Æskulýðsráð er vissulega vettvangur þar sem ákveðið þversnið er að finna fyrir æskulýðsstarf í landinu en í stefnumótun ráðsins er lagt til að stofna sameiginlegan samstarfs- og samráðsvettvang. Nauðsynlegt er að endurskoða hlutverk Æskulýðsráðs og sjá hvort það geti verið sá samráðsvettvangur sem kallað er eftir. Eins þyrfti að skoða samsetningu ráðsins út frá Barnasáttamála Sameinuðu þjóðanna og tryggja aðkomu barna og ungmenna að ráðinu.

Skilgreiningar og hugtök í málaflokknum hafa oft skapað vanda því aðgengi að fjármagni og sjóðum tengist því hvar og hvernig starfsemi er skilgreind. Í dag er iðorðanefnd í tólmstundafræðum að störfum þar sem m.a. er rætt um skilgreiningar og hvað sé æskulýðsstarf. Einnig má segja að drög að frumvarpi til laga um félagasamtök til almannaheilla styðji enn frekar við umræðu um skilgreiningar og hugtök og ef frumvarpið nær fram að ganga þá gæti það verið mikið framfara skref fyrir félagasamtök.

## **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Hlutverk Æskulýðsráðs verði endurskoðað og skilgreint með það að markmiði að tryggja að það verði sá samráðsvettvangur sem kveðið er á um í reglugerð. Endurskoðun hefjist í janúar 2017 og verði lokið fyrir maílok 2017.
- Árlegur samráðsfundur þeirra sem starfa á sviði æskulýðsmála (með ráðherra –). Slíkur fundur getur skapað meiri samstöðu og hvatt alla sem starfa að æskulýðsmálum til þess að skipuleggja sig sem eina heild. Á slíkum fundum gefst tækifæri á að ræða um fjármögnun, æskulýðsstarf og stefnumótun í málaflokknum.
- Sameiginlegar siðareglur og aðgerðaáætlanir um einelti og ofbeldi í æskulýðsstarfi. Slíkt skapar traustari ramma utan um allt starf með börnum og ungmennum. Gæðamarkmið fyrir alla sem standa fyrir æskulýðsstarfi
- Ráðuneytið stuðli að stofnun sameiginlegra fagráða um einelti, kynferðisofbeldi og annað ofbeldi.

## 2. Þátttaka barna og ungmenna í æskulýðsstarfi sé aukin og starfið taki mið af þörfum hvers einstaklings

*Auka þarf þátttöku barna og ungmenna í æskulýðsstarfi og huga skal sérstaklega að mismunandi þörfum einstaklinga og hópa. Hafa ber í huga að æskulýðsstarf hefur félags-, forvarna-, uppeldis-, menningar- og menntunarlegt gildi. Atbeini hins opinbera skal því stuðla að því að öllum börnum og ungmönnum séu tryggð jöfn tækifæri til þátttöku í æskulýðsstarfi án mismununar af nokkru tagi, svo sem vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, tungu, trúarbragða, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, uppruna með tilliti til þjóðernis, þjóðháttar eða félagslegrar stöðu, eigna, fötlunar, ætternis eða annarra aðstæðna þess eða foreldris þess eða lögráðamanns. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Rannsóknirnar Ungt fólk hafa í áraðir sýnt fram á mikilvægi þess að taka þátt í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Æskulýðsstarf þarf að taka mið af þörfum einstaklinga og vera aðgengilegt öllum. Í íþróttastefnu ráðuneytisins er sérstaklega fjallað um íþróttir í skólastarfi og samstarf skóla og íþróttafélaga. Þetta á einnig við um æskulýðsstarf og mikilvægt er að tryggja samstarf skóla og æskulýðsstarfs með það að markmiði að börn og ungmenni geti tekið þátt í æskulýðsstarfi eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Um nýtingu mannvirkja er einnig fjallað um í íþróttastefnunni og aðgengi almennings að íþróttamannvirkjum. Flest sveitarfélög standa að rekstri margvíslegra mannvirkja sem eru ekki í stöðugri notkun og oft er svigrúm fyrir annað félagastarf innan þeirra. Mikilvægur stuðningur við æskulýðsstarf er t.d. aðgengi að aðstöðu til þess að reka æskulýðsstarf.

Kynningarstarf er annar mikilvægur þáttur í aðgengi barna og ungmenna að æskulýðsstarfi. Í dag eru ólíkar stefnur í sveitarfélögum um kynningar á íþrótt- og æskulýðsstarfi í skólum sem gerir kynningarstarf mun flóknara. Erfitt er að ná til barna og ungmenna sem eru í jaðar- og minnihlutahópum.

### **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Að ráðuneytið hvetji sveitarfélög til að tryggja aðstöðu fyrir æskulýðsstarf og vekji athygli á starfsemi þeirra í sveitarfélaginu. Ráðuneytið vinni yfirlit um mannvirki sveitarfélaga, ríkis og félagasamtaka og kanni grundvöll þeirra fyrir frekari samnýtingu t.d. í samvinnu við FÍÆT (Félag íþróttá-, æskulýðs- og tómstundafulltrúa á Íslandi) með það að markmiðið að auka samnýtingu á rýmum.
- Að ráðuneytið hvetji og aðstoði sveitarfélög við að efla aðgengi fyrir ungt fólk að stjórnslu og þjónustu sbr. ákvæði Barnasáttmálans.
- Ráðuneytið, Æskulýðsráð, aðilar á sviði æskulýðsstarfs, bæði félagasamtök og sveitarfélög, geri áætlun um kynningu á æskulýðsstarfi ár hvert.
- Virkja foreldrafélög um samstarf við að kynna æskulýðsstarf almennt.

### 3. Börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsstarf

*Í æskulýðslögum segir: „Í öllu starfi með börnum og ungmennum skal velferð þeirra höfð að leiðarljósi og þau hvött til frumkvæðis og virkrar þátttöku.“ Æskulýðsstarf ætti því að auka félagsfærni og þjálfun til þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Mikilvægt er að æskulýðsstarf sé byggt á forsendum barna og ungmenna, þau hafi bein áhrif á málefni sem þau varðar og fái að axla raunverulega ábyrgð. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Í Æskulýðslögum 70/2007 er kveðið á um að sveitarfélög skuli hlutast til um að stofna ungmennaráð og eru þau hugsuð til að vera sveitastjórnun til ráðgjafar í viðkomandi sveitarfélagi og um leið að kynna lýðræðisleg vinnubrögð fyrir ungu fólki. Í dag eru starfandi ungmennaráð í 33 sveitarfélögum af 74. Ungmennaráðum fer sífellt fjölgandi og eru í mörgum sveitarfélögum orðin virkur þáttur í stjórnsýslu þeirra. Ungmennaráðum félagasamtaka hefur einnig fjölgað á síðastliðnum árum sem hefur um leið opnað félagasamtökin fyrir yngri þátttakendum. Samfés, samtök félagsmiðstöðva á Íslandi, er dæmi um ungmennaráð á landsvisu þar sem félagsmiðstöðvar um allt land kjósa fulltrúa til ráðsins.

Ungmennaráðin hittast reglulega, t.d. á viðburði UMFÍ, Ungt fólk og lýðræði, þar sem ungmennaráð sveitarfélaga og félagasamtaka koma saman árlega og ræða um ýmis málefni. Ungmennaráð vinna einnig saman að ýmsum málefnum.

#### **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Ráðuneytið leggi áherslu á að sveitarfélög stofni ungmennaráð og hvetji einnig félagasamtök í æskulýðsstarfi að gera hið sama. Einnig skal hvetja sveitarstjórnir til að standa fyrir reglulegum fundum með ungmennum í sínu sveitarfélagi.
- Æskulýðsráð setji fram áætlun um aukið samstarf við ungmennaráðu um stefnumótun 2018-2022 og málefni ungs fólks og að fulltrúar ungmennaráða eigi sæti í Æskulýðsráði. Áætlunin verði unnin í samstarfi við fulltrúa ungmennaráða.
- Æskulýðsráð hvetji sveitarfélög og landshlutasamtök sveitarfélaga að koma á laggirnar ungmennþingum.
- Ráðuneytið innleiði Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- Auðvelda aðgengi barna og ungmenna að stjórnsýslu og þjónustu og möguleika þeirra til að hafa áhrif á nærumhverfi sitt.



## 4. Fjármögnun æskulýðsstarf sé tryggt og gætt sé jafnræðis við úthlutun fjármagns

*Fjárhagslegur bakgrunnur þeirra aðila sem standa að æskulýðsstarfi er afar misjafn. Starfsemi á vegum skóla, sveitarfélaga og stærri samtaka byggja á öruggari fjárframlögum á meðan ýmis frjáls félög, búa við meiri fjárhagslega óvissu. Þennan aðstöðumun þarf að jafna og auka fjármagn í málaflokknum. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Framlög til heildarsamtaka á sviði æskulýðsmála eru ákveðin í fjárlögum. Þau heildarsamtök sem eru á fjárlögum eru Bandalag íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Ungmennafélag Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneyti veitir af safnliðum sínum rekstrarstyrk til heildarsamtaka æskulýðsfélaga, Landssambands æskulýðsfélaga og Æskulýðsvettvangsins. Þessir samningar hafa verið til eins árs en á næsta ári verður samið um rekstrarframlög til þriggja ára. Ekki eru veittir aðrir sérstakir rekstrarstyrkir til æskulýðsfélaga. Æskulýðssjóður er verkefnasjóður fyrir æskulýðsfélög og er umsýsla sjóðsins hjá Rannís.

Æskulýðsfélög hafa lengi kallað eftir traustari fjármögnun æskulýðsstarfs og gjarnan horft til Norðurlanda um fyrirkomulag styrkveitinga þar sem veitt er rekstrarfé til margra ólíkra æskulýðssamtaka. Það er margt í rekstarumhverfi félagasamtaka sem mætti vera einfaldara og skýrara. Nú liggja fyrir drög að frumvarpi um félagasamtök til almannaheilla sem nefnd á vegum atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins var falið að undirbúa. Þar er félagaformið og skyldur þess skilgreint enn frekar. Nefndinni var m.a. falið að fjalla um skattaumhverfi almannaheillasamtaka, t.d. er varðar niðurfellingu skatts af aðföngum, sérreglur um erfðafjárskatt og skatt af gjafafé. Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlög um félagasamtök sem starfa að almannaheillum og undir þessum heildarlögum gætu mörg félög á sviði æskulýðsmála fallið undir.

Ein af undirstöðum þess að eiga farsælt æskulýðsstarf er samstarf á milli aðila. Vegna þessa er mikilvægt að allir aðilar sem starfa að málefnum barna og ungmenna vinni saman. Þetta á sérstaklega við um þau verkefni sem hafa samlegðar áhrif og að allir aðilar sem vinna að málefnum barna og ungmenna séu samstíga í stefnumótun sínum.

### **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Gera rekstarumhverfi æskulýðsfélaga einfaldara. Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla gæti gert rekstrarumhverfið skýrara og tekið á ákveðnum skilgreingarvanda málaflokksins.
- Hvetja til aukins samráðs á milli sveitarfélaga og æskulýðsfélaga og jafnvel samstarfssamninga um þjónustu á milli sveitarfélaga og æskulýðsfélaga.
- Endurskoða Æskulýðssjóð og efla hann um leið. Gera sjóðnum kleift að styðja við fleiri tegundir verkefna, t.d. frumkvöðlaverkefni, ferðir o.s.frv.
- Stefna á að auka fé til æskulýðsstarfs almennt, einkum ófélagsbundinna hópa, sem og reksturs æskulýðsfélaga sem ekki eru á fjárlögum. Sérstaklega þarf að horfa til þeirra félaga sem eru nýstofnuð.

## 5. Upplýsingar og miðlun upplýsinga sem varða æskulýðsstarf taki mið af þörfum, væntingum og aðstæðum barna og ungmenna

*Mikil umbylting hefur orðið í miðlun upplýsinga og samskiptum fólks á undanförunum áratugum. Ungt fólk er að jafnaði duglegt að tileinka sér nýjungar í upplýsinga- og samskiptatækni. Miðlun upplýsinga og samskipti eiga sér í auknum mæli stað á samfélagsmiðlum. Stjórnvöld og aðilar í æskulýðsstarfi verða að aðlaga umgjörð æskulýðsstarfs og upplýsingamiðlun til barna og ungmenna að þessum breytingum. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Nauðsynlegt er að æskulýðsstarf taki mið af þörfum einstaklingsins og sé aðgengilegt öllum. Þar skipta samfélagsmiðlar miklu máli og er mikilvægt tæki til að ná til ungs fólks. Þróun samfélagsmiðla er mjög ör og oftast en ekki þá eru forsvarsmenn æskulýðsstarfs skrefi á eftir í þróuninni. Notkun samfélagsmiðla er líka ábyrgðarhlutur og börn og ungmenni þurfa að vera upplýst um hvað ber að varast á netinu.

### **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Hvetja forsvarsfólk í æskulýðsstarfi til að nýta samfélagsmiðla í starfi og að forsvarsfólk fundi saman um notkun miðla í æskulýðsstarfi og hvernig hægt er að koma upplýsingum áleiðis til barna, ungmenna og foreldra/forráðamanna.
- Þróun notkunarleiðbeininga fyrir starfsfólk í æskulýðsstarfi í samstarfi við SAFT.
- Halda áfram að styðja við kynningarstarf um hættur á samfélagsmiðlum og stuðla að góðum netsamskiptum.

## 6. Menntun og þjálfun þeirra sem starfa að æskulýðsmálum sé fagleg og stuðli að sífelldum auknum gæðum í æskulýðsstarfi

*Það er sameiginlegt hlutverk ríkis, sveitarfélaga og aðila sem standa að æskulýðsstarfi að auka fagmennsku, menntun og þjálfun á sviði æskulýðsmála. Samfélagslegar kröfur til þeirra sem starfa með börnum í skóla-, íþrótt- og æskulýðsstarfi eru sífelldu að aukast. Mikilvæg þróun hefur átt sér stað í þessum efnum. Fyrir rúmum áratug var komið á fót námi í tómstunda- og félagsmálafræði á háskólastigi auk þess sem félagasamtök hafa mörg hver eigið mennta- og þjálfunarkerfi (óformleg menntakerfi) fyrir leiðtoga sína. Brýnt er að auka gæði starfsins enn frekar og stuðla að því að gæði og fagmennska séu leiðarljós í öllu æskulýðsstarfi. Þar er aukin menntun og þjálfun leiðtoga lykilatriði. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Margt hefur breyst í starfsumhverfi tómstunda- og æskulýðsstarfs og er krafan um aukna fagmennsku og menntun lykilþáttur í þeirri breytingu. Tómstunda- og æskulýðsstarf gegnir mikilvægu menningar- og uppeldishlutverki í nútímasamfélagi og því er nauðsynlegt að byggja upp fjölbreytta grunn- og símenntun fyrir þá sem starfa í málaflokknum. Í dag er í boði margvísleg þjálfun innan æskulýðssamtaka, t.d. Leiðtogaskóli Landssamtaka æskulýðsfélaga, Félagsmálaskóli UMFÍ, Gilwell leiðtogaþjálfun og önnur leiðtoganámskeið hjá Skátum og leiðtogaþjálfun hjá KFUM og KFUK o.fl. Efla mætti samstarf á milli háskólasamfélagsins, sveitarfélaga og æskulýðsfélaga, sérstaklega á sviði óformlegrar menntunar. Samhliða því þarf að skoða sérstaklega hvernig ber að meta þá óformlegu menntun sem einstaklingar öðlast með þátttöku í tómstunda- og æskulýðsstarfi.

Skilgreiningar og viðmið í málaflokknum hafa oft skapað ákveðin misskilning og hefur málaflokkurinn kallað eftir umræðu og meiri festu í notkun skilgreininga og hugtaka. Íðorðanefnd í tómstundafræðum starfar á vegum Árnastofnunar og í henni eiga sæti aðilar af fagvettvangi, æskulýðsráði, námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði ásamt fulltrúa Árnastofnunar. Nefndin fjallar um ýmis hugtök og skilgreiningar á sviði æskulýðsmála og væntingar eru til þess að sú vinna styðji betur við orðræðu og skilning ólíkra hópa á æskulýðsstarfi.

Starfsumhverfi í æskulýðsmálum er ekki síður mikilvægur þáttur í gæðamati á æskulýðsstarfi. Í 10. gr. Æskulýðslaga 70/2007 er fjallað sérstaklega um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi og kröfur til þeirra sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðsstarfi. Þessi skilyrði styðja vel við þá fagkröfu sem á að vera til staðar í starfi með börnum og ungmennum og gerir um leið kröfu um að ákveðin lágmarksskilyrði séu uppfyllt í starfi. Hinsvegar

hefur gengið misvel að fylgja 10. gr. Æskulýðslaga eftir, þá sér í lagi að kalla eftir upplýsingum úr sakaskrá. Æskulýðsvettvangurinn hefur vakið athygli á hversu flókið þetta kerfi er og bent á leiðir til þess að einfalda ferlið en án árangurs.

### **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Tengja háskólasamfélagið/tómstunda- og félagsmálafræði enn betur við æskulýðsstarf og hvetja nemendur til að þess að stunda vettvangsnám á sviði æskulýðsmála.
- Ráðuneytið setji af stað vinnu við gerð raunfærnimats á sviði æskulýðsmála í samstarfi við HÍ til að meta það óformlega nám sem fram fer hjá einstaklingum sem hafa verið virkir þátttakendur til lengri tíma eða starfað hafa á sviði æskulýðsmála.
- Æskulýðsráð styðji við starf íðorðanefndar í tómstundafræðum með því að tryggja að fulltrúi ráðsins eigi ávallt sæti í nefndinni.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið vinni í samvinnu við viðeigandi ráðuneyti og stofnanir að einfalda ferli í uppfléttingu sakaskrár m.a. með rafrænu samþykki. Skoða sérstaklega möguleika þess á að uppflétting í sakaskrá sé endurgjaldslaus.

## 7. Fjölbreytni sé í rannsóknarverkefnum á sviði æskulýðsmála og tryggð að niðurstöður séu nýttar í þágu æskulýðsstarfs

*Háskólar, rannsóknarstofnanir og aðilar sem standa að æskulýðsstarfi geta stuðlað að aukinni þróun og þekkingu á æskulýðsstarfi með öflugum rannsóknarstarfi. Mikilvægt er að tryggja fjölbreytni í rannsóknum og stuðla að nýsköpun og nýliðun í æskulýðsrannsóknum. Sérstaklega þarf að gæta að því að gögn og niðurstöður séu nýttar með markvissum hætti til þess að bæta og auðga æskulýðsstarf í landinu. (Texti úr stefnumótun Æskulýðsráðs).*

Frá árinu 1992 hefur mennta- og menningarmálaráðuneyti stuðlað að því að gerðar hafa verið faglegar, samanburðarhæfar rannsóknir á högum, líðan og aðstæðum barna og ungmenna hér á landi. Niðurstöður þeirra hafa verið kynntar árlega undir heitinu Ungt fólk. Samkvæmt Æskulýðslögum 70/2007 á ráðherra að stuðla að því að fram fari reglubundnar æskulýðsannsóknir sem lagðar verði til grundvallar við stefnumótun í æskulýðsmálum. Út frá rannsóknunum Ungt fólk hefur þróast módel sem kallast íslenska módelið og byggir á samfélagsmiðaðri nálgun sem á að ná til og virkja alla aðila í nærumhverfi barna. Með því að virkja nærumhverfið þá aukast líkur á að ungmenni nýti tíma sinn á jákvæðan og uppbyggjandi hátt. Þetta er t.a.m. gert með því að styrkja stuðningshlutverk foreldra og skóla og fjölga tækifærum ungmenna til þess að stunda skipulagt tómstundastarf. Mörg sveitarfélög kaupa niðurstöður úr rannsókninni fyrir sitt svæði og geta með þeim hætti lagt grunn að forvarnarstefnu sem byggð er á rannsóknum. Afraksturinn af þessari vinnu er ótvíræður og hefur t.d. áfengis- og vímuefnaneysla unglinga dregist margfalt saman frá upphafi mælinga.

Fjármagn ráðuneytisins til rannsókninnar Ungt fólk er byggt á samningi við Rannsóknir og greiningu en ekki er um annað fé á safnliðum ráðuneytisins til frekari rannsókna. Mikilvægt er þó að styðja við annars konar rannsóknir, langtímarannsóknir og þversniðsrannsóknir, sem byggja ofan á þær tölfræðigreiningar sem nú þegar eru unnar. Mikill hagur er í því að skoða orsakasamhengi en ekki einungis þróun út frá tölfræði.

Ísland hefur frá árinu 1995 verið þátttakandi í evrópsku rannsókninni ESPAD (European School Survey Project on Alcohol and Drugs) sem unnin er að tilstuðlan Evrópuráðsins og upplýsingamiðstöð Evrópusambandsins um vímuefni. Rannsóknasetur forvarna við Háskólann á Akureyri hefur haldið utan um verkefnið. Meginmarkmið verkefnisins er að safna gögnum um neyslu 15-16 ára unglinga á áfengi, tóbaki og ólöglegum fíkniefnum. Niðurstöður verkefnisins hafa legið til grundvallar forvarnastarfi víðast hvar í Evrópu og byggir Evrópusambandið til

dæmis mat sitt á breytingum á vímuefnaneyslu unglunga í Evrópu að mestu leyti á niðurstöðum þess.

Einnig er unnið að ýmsum rannsóknum innan háskólanna á sviði æskulýðsmála sem ætti að greiða leið nýrra viðfangsefna og tryggja vissa nýsköpun í gerð æskulýðsrannsókna.

### **Ýmsar tillögur komu fram í vinnu stýrihópsins;**

- Stuðla að áframhaldandi langtímarannsóknum á sviði æskulýðsmála.
- Auka samstarf háskóla, rannsóknaraðila og aðila í æskulýðsstarfi er varðar úrvinnslu gagna og rannsóknir á sviði æskulýðsmála.
- Aðgengi að íslenskum æskulýðsrannsóknum verði eflt og gerð aðgengilegri. Ýmis verkefni eru unnin á sviði æskulýðsmála á grundvelli rannsókna og nauðsynlegt er að gera þau aðgengileg öðrum og kynna betur notagildi þeirra.
- Auka fé til fjölbreyttari rannsókna á sviði æskulýðsmála, sérstaklega hagnýtra rannsókna sem skoða starfsumhverfi og ávinning af æskulýðsstarfi.
- Ráðuneytið er hvatt til að styðja ungt fólk til rannsókna á sviði æskulýðsmála.



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ